

Sp. 307. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur um fiskverkun.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér hið fyrsta fyrir setningu löggjafar um sérstakan skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur um fiskverkun.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttu Ingvar Gíslason og Jón Skaftason þáttill. samhljóða þeirri, sem hér liggur fyrir. Ingvar Gíslason hafði ýtarlega framsögu fyrir tillögunni, er hún var til umræðu á þinginu í fyrra, og var málinu síðan vísað til allsherjarnefndar. Nefndin náði ekki til þess að skila álit, en einstakir nefndarmenn hafa þó látið í ljós, að þeir séu málinu efnislega fylgjandi. Meðal sjómanna og útvegs-
manna hefur tillögunni verið vel tekið, og má sérstaklega geta þess, að á síðasta aðalfundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna var ákveðið að skora á Alþingi að samþykkja tillöguna.

Þar sem flutningsmenn telja nauðsyn þessa máls mikla og þeim er kunnugt um, að málið á víða fylgi að fagna, líta þeir svo á, að endurflutningur tillögunnar sé sjálfsagður, og vænta þess, að málið fái afgreiðslu.

Skóli sem þessi er engin ofrausn fiskveiðarþjóð eins og Íslendingum. Þvert á móti er hann hin mesta nauðsyn og mun áreiðanlega svara kostnaði og vel það. Mikið er nú talað um aukinn fiskiðnað í landinu, og allir eru sammála um nauðsyn hans fyrir þjóðarbúið. En vart er hægt að hugsa sér árangur í þeirri iðngrein án sérmenntunar allmikils hóps manna hér á landinu sjálfu, er hafi á hendi mats-
störf, verkstjórn og leiðbeiningarstörf. Þá virðist það leiða beinlínis af hinum síauknu kröfum um fiskmat (sbr. nú síðast löggin um ferskfiskeftirlit), að hið opinbera sjái fyrir nothæftri menntun fyrir þá menn, sem slík störf hafa á hendi. Þeir, sem þekkja til sögu búnaðarmála á Íslandi, vita, hvert gildi búnaðarskólanna hefur verið fyrir þróun landbúnaðarins. Enginn skóli sambærilegur búnaðarskólunum er til fyrir sjávarútveginn. Hans er þó ekki síður þörf, og því fyrr sem honum er komið á fót, því betra.